



Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Selfoss, 30.9.2024
UST202402-112/H.M.V.
08.14.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 12. júlí 2024 - Sveitarfélagið Hornafjörður, urðunarstaður í Lóni, ID nr. 43

Þann 12. júlí sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Sveitarfélagsins Hornafjarðar í Lóni. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Opin eru eldri frávík síðan 2023 frá gr. 1.2 í starfsleyfi og varðar móttöku og urðun á 6,9 t af olíumettuðum/menguðum jarðvegi sem tekið var á móti á urðunarstað í Lóni árið 2022. Urðun slíks efnis flokkast sem spilliefni sbr. reglugerð nr. 1040/2016, vísast einnig í tl. 5.3 í 5. gr. reglugerðar nr. 806/1999 og 2. tl. 54. gr. laga um meðhöndlun úrgangs. **Úrbótaáætlun var svarað þann 16. nóvember 2023 og svo í uppfærðri áætlun þann 22. apríl 2024. Á úrbótaáætlun við um samskonar frávík og var í eftirliti 2024, og kemur áætlunin fram hér að neðan. Frávíki því er lokið.**

Seinna frávíkið er frá gr. 5.1 í starfsleyfi og varðar framkvæmd og skort á sigmælingum. **Í uppfærðri úrbótaáætlun kemur fram að rekstaraðili leitaði sér þjónustu ráðgjafafyrirtækis varðandi sigmælingar. Í kjölfarið var gerð áætlun fyrir sigmælingar frá því sem frá var horfið. Fóru fram mælingar þann 4. mars 2024 sl. og var notast við drónamælingar sem framkvæma myndmælingar. Aðferðin á bakvið slíkar mælingar reyndust þó óhentugar þar sem upplausn þótti ekki nógu góð upp á dýptar- og hæðarmælingar og því var ákveðið að koma á mælingum á sigplötum í staðinn. Kom einnig fram í uppfærðri úrbótaáætlun að tæknilegur galli sé til staðar í niðurstöðum á eldri sigmælingum, verður því miðast við grunnlínu sem tekin var nú. Frávík telst lokið.**

Rekstraraðili hefur einnig brugðist við ábendingum sem komu fram í eftirliti 2023 og hefur verið brugðist við með viðunnandi hætti.

Eitt frávík kom fram er varðar:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Urða má allan úrgang sem hefur verið meðhöndlaður og flokkast ekki sem spilliefni skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs. Móttaka úrgangs á urðunarstað skal samræmast viðmiðunum og aðferðum við móttöku úrgangs sbr. II viðauka í reglugerð 738/2003 um urðun úrgangs. Voru urðuð tæp 7,4 tonn af olíumettuðum jarðvegi/úrgangi árið 2023 í urðunarstað að Lóni. **Rekstraraðili hefur gert áætlun um rétta meðhöndlun og förgun á olíumenguðum jarðvegi, áður en sú áætlun var útbúin og tók gildi endaði umræddur úrgangur inn á urðunarstað. Mun rekstraraðili ekki taka við slíkum úrgangi í framtíðinni í samræmi við starfsleyfi og reglugerð nr. 1040/2016. Vill sveitarfélagið að það endurspegli þeirra skuldbindingar um að fara eftir öllum kröfum til að tryggja rétta úrgangsstjórnun. Rekstraraðili hefur nú þegar hafnað tilfelli þar sem leitast var um að koma fyrir olíumenguðum úrgangi á urðunarstað. Fráviki er lokið.**

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur